

Alþingi
Erindi nr. P 137/181
Könnuðun 15. júní 2009 15.6.2009


Nefndasvið Alþingis
Utanríkismálanefnd

Umsögn Femínistafélags Íslands um þingsályktunartillögur nr. 38 og 54
137. löggjafarþing 2009

Femínistafélag Íslands fagnar því að í þingsályktunartillögu utanríkisráðherra um aðildarumsókn að Evrópusambandinu (mál nr. 38) sé skýrt kveðið á um að hafa skuli samráð við samtök á sviði jafnréttismála áður en gengið er til viðræðna við sambandið. Félagið lýsir sig reiðubúið til slíks samráðs og opinnar umræðu um mögulegar aðildarviðræður.

Samkvæmt þingsályktunartillögu nr. 54 er utanríkismálanefnd falið að taka tillit til þess hvernig skipa skuli viðræðunefnd Íslands en samkvæmt tillögu nr. 38 á ríkisstjórnin að skipa nefndina. Hvor tillagan sem verður ofan á þá leggur Femínistafélagið ríka áherslu á að möguleg samninganefnd verði bæði skipuð konum og körlum og að jafnréttissjónarmiða verði gætt í hvívetna í samningaviðræðunum.

Fyrir hönd Femínistafélags Íslands



Guðný Gústafsdóttir

Talskona